



SVAR

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Inga Rós Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri gagnþjónustu

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um mælaborð vegna uppbyggingu húsnæðis

Á fundi borgarráðs þann 19. janúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mælaborð vegna uppbyggingu húsnæðis, sbr. 36. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir ítarlegum upplýsingum varðandi kostnað og þann tíma sem eytt var í gerð mælaborðs þjónustu og nýsköpunarsviðs varðandi uppbyggingu húsnæðis í Reykjavík? Óskað er upplýsinga um heildarkostnað verkefnisins, hversu margir starfsmenn komu að gerð þess og hversu langan tíma það tók. Einnig vill borgarfulltrúinn fá að vita hver er áætlaður kostnaður vegna nauðsynlegs viðhalds og uppfærslu gagna í mælaborðinu til næstu ára. Í framhaldi vill fulltrúinn fá að vita hvaða rök hafi verið lögð til grundvallar ákvörðunar þjónustu og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborg að hefja smíði á þessu mælaborði samhliða mælaborði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. 10. nóvember sl. var sett í loftið mælaborð um uppbyggingu húsnæðis á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Eins og flestir vita hefur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun á svipuðum tíma sett í loftið mælaborð sem sýnir rauntíma uppbyggingu húsnæðis á landinu öllu, þar á meðal í Reykjavík.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 25. janúar 2023.

Svar:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir ítarlegum upplýsingum varðandi kostnað og þann tíma sem eytt var í gerð mælaborðs þjónustu- og nýsköpunarsviðs varðandi uppbyggingu húsnæðis í Reykjavík?

Húsnæðisuppbyggingaráætlun borgarinnar er birt á gagnvirku korti sem þjónustu- og nýsköpunarsvið hannaði og þróaði að beiðni teymis atvinnuþróunar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, en þau fara með eignarhald á húsnæðisuppbyggingaráætlun borgarinnar og afurðum hennar.

Kortalausnin setur fram með myndrænum hætti stöðu á mjög flóknum upplýsingum. Hún veitir innsýn inn í innleiðingu húsnæðisáætlunar borgarinnar og sýnir einnig hversu mikið er byggt af húsnæðisfélögum. Markmiðið er að skapa skýra yfirsýn yfir uppbyggingu húsnæðis í Reykjavík með myndrænni og tölulegri framsetningu. Hægt er að sjá hvar framkvæmdaraðilar eru að byggja, hvernig íbúðir, hversu margar og hvenær áætlað er að byggingu ljúki.

Óskað er upplýsinga um heildarkostnað verkefnisins. Hversu margir starfsmenn komu að gerð þess og hversu langan tíma það tók.

Ekki þurfti að fara í sérstaka vinnu við að taka saman og uppfæra gögnin fyrir þetta tiltekna verkefni þar sem þau byggja á gögnum sem tekin eru saman m.a. úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur, og uppfærð reglulega í tengslum við gerð ársfjórðungsskýrslu húsnæðisáætlunar.

Kostnaður féll mestmegnis til vegna kaupa á þjónustu verktaka við framendaforritun. Það tók einn verktaka og einn starfsmann gagnþjónustu Reykjavíkurborgar tvo mánuði að hanna, þróa, prófa og birta kortalausnina, ásamt því að setja upp tengingu fyrir sjálfvirka uppfærslu gagna á kortinu, sem þýðir að þegar upplýsingar eru uppfærðar inni í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar, þá uppfærast þau á kortinu líka.

Þróun húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar á korti		
Tími	320 klst	
Þjónustukaup	1 verktaki, sá um alla framendaforritun	6.294.880 kr
Starfsfólk Reykjavíkurborgar	1 starfsmaður gagnþjónustu vann við samþættingu á og túlkun gagna, hönnun vöru og verkefnastýringu.	1.700.000 kr
Annar kostnaður	Útgáfa korts á vefnum	45.000 kr
Samtals		8.039.880 kr

Samantekið var útlagður kostnaður vegna verkefnisins 8.039.880 kr. og skiptist hann í þjónustukaup annarsvegar og annan kostnað hinsvegar.

Einnig vill borgarfulltrúinn fá að vita hver er áætlaður kostnaður vegna nauðsynlegs viðhalds og uppfærslu gagna í mælaborðinu til næstu ára.

Kortið sækir sjálfvirkt uppfærð gögn úr gagnagrunni landupplýsingakerfisins nokkrum sinnum á dag. Lítil viðhaldskostnaður er við tengingarnar, en alltaf er möguleiki á að tengingar brotni við uppfærslu grunngagnanna. Það sama á við um birtingu kortsins á netinu, það er lítil kostnaður sem felst í því að hýsa kortið á vefnum, en uppfærslur á netumhverfi borgarinnar gætu í einhverjum tilfellum haft áhrif á virkni kortsins. Kostnaður við hýsingu og viðhald á lausninni fer eftir notkun og birtingu á vefsvæði. Enn sem komið er hefur notkunin ekki farið yfir þau mörk sem hýsingaraðilinn setur. Notkunarmörkin eru það há að það er ólíklegt að það komi nokkurn tímann til með að bera með sér kostnað. Áætlaður kostnaður við rekstur og nauðsynlegar uppfærslur á kortinu eru kr. 50.000 á ári. Heildarkostnaður vegna nauðsynlegs viðhalds og uppfærslu gagna er því samtals 50.000 kr. ár ársgrundvelli.



Í framhaldi vill fulltrúinn fá að vita hvaða rök hafi verið lögð til grundvallar ákvörðunar þjónustu og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborg að hefja smíði á þessu mælaborði samhliða mælaborði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar?

Eins og fyrr segir var verkefnið unnið að beiðni teymis atvinnuþróunar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Þjónustu- og nýsköpunarsvið vinnur að fjárfestingarverkefni að beiðni annarra sviða borgarinnar og miðlægrar stjórnsýslu og í samræmi við þá forgangsröðun verkefna sem þau sjálf leggja til. Þjónustu- og nýsköpunarsvið leggur þó mat á hverja verkefnaósk sem sviðinu berst þar sem m.a. arðsemi verkefna og áhrif þess á hópa notenda eru metin. Aðferðafræðin hefur verið kynnt alloft í ýmsum ráðum borgarinnar. Þetta verkefni var metið sem arðbært m.a. vegna stórs notendahóps og þar sem það hendir reiðum á upplýsingar sem mikið er spurt eftir.

Að öðru leyti er vísað í svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mælaborð uppbyggingar húsnæðis á vefsíðu Reykjavíkurborgar sem lögð var fram í stafrænu ráði þann 8. febrúar 2023, sbr. 5. lið fundargerðar ráðsins s.d.. Einnig er vísað í kynningu á Húsnæðisuppbyggingu Reykjavíkurborgar í stafrænu ráði þann 26. október 2022 sbr. 6. lið fundargerðar ráðsins s.d.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Inga Rós Gunnarsdóttir,
skrifstofustjóri gagnþjónustu